

Nd. 286. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr. 14/1973, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. des.)

1. gr.

Við 3. gr. bætist:

Um iðnnám fer eftir námsskrá, sem sett er af menntamálaráðherra samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og skal þar kveðið á um samstarf atvinnulífs og skóla, sem annast iðnfræðslu. Um atvinnuréttindi þessara nemenda að námi loknu gilda sömu ákvæði og um aðra iðnnema.

Um annað nám við fjölbrautaskóla, er réttindi veita, skal farið eftir námskrá, sem sett er að fengnum tillögum þeirra aðila, er hafa með höndum veitingu réttinda.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Heimilt er menntamálaráðuneytinu í samvinnu við eitt eða fleiri sveitarfélög að efna til fjölbrautaskólalahalds með því fyrirkomulagi sem lög þessi gera ráð fyrir með stofnun nýrra skóla eða með sameiningu tveggja eða fleiri skóla hafi samvinna tekist um það með eignaraðilum skólanna. Skipting stofnkostnaðar fari þá eftir samkomulagi er gert skal milli menntamálaráðuneytisins og annarra fjárhagsaðila skólans og miðist við stofnkostnaðarskiptingu í gildandi lögum um þá skólabætti sem falla undir fjölbrautaskóla á hverjum stað. Samningur um stofnun fjölbrautaskóla er háður samþykki fjármálaráðuneytis eða fjárveitingu í fjárlögum.

Menntamálaráðuneytið ákveður verkefni og verkaskiptingu milli þeirra stofnana sem starfa samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lagaákvæði þessi raska ekki þeim samningum sem þegar hafa verið gerðir um stofnun og rekstur fjölbrautaskóla, þ. e. í Reykjavík, Hafnarfirði og Keflavík.